

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1968

19. apríl 1968.

51

Nr. 23.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.
FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Niðurlag 2. gr. laganna orðist svo: hentugar íbúðir og dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

2. gr.

Á eftir orðunum „að reisa íbúðir“ í 5. gr. laganna komi: og dvalarheimili.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist:

Lán, sem veitt eru úr sjóðnum til byggingar dvalarheimila, mega nema allt að 20% af kostnaðarverði þeirra, og skulu þau tryggð með veði í heimilunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánnum annars staðar frá, er nemi allt að 60% af kostnaðarverði íbúðanna.

4. gr.

Við 8 gr. laganna bætist:

Við byggingu dvalarheimilis nægir ábyrgð sveitarfélags.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

2. maí 1968.

Nr. 24.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar
fyrir árið 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.